

Loftræstikerfi.

Hannið og teiknið stýri- og kraftrás fyrir loftræstikerfi (inntaksblásara og frostlögisdælu) í lagerhúsnæði, sem hefur eftirfarandi virkni:

Áður en hægt er að ræsa blásarann, verður dælan fyrir varmaskipti að vera búin að ganga í ákveðinn tíma (5 mín.).

Hægt er að ræsa blásarann hvenær sem er, eftir að innstillti tíminn (5 mín.) er liðinn.

Til að stöðva dæluna er þrýst á stopprofan S1, þá stoppar dælan og blásarinn og þá er ekki hægt að ræsa sömu aðgerð aftur fyrr en eftir 30 sekúndur.

Gaumljós eiga að sýna hvenær blásari og dæla eru í gangi. Einnig á að vera gaumljós sem sýnir hvenær hægt er að ræsa blásara, sem síðan dettur út eftir að blásari er komin í gang.

Blásari er ræstur með S2.

Dæla er einnig ræst með sama rofanum S2.

S1 er stopprofi

S1 og S2 eiga að vera þrýstirofar.

Blásarinn er 3ja fasa.

Dælan er 1 fasa.

Þið megið gjarnan tengja þetta verkefni og skilja eftir 1 spjald með virkri stýringu.